

Jag och alla

Höfundar texta: Ylva Karlsson (Svíþjóð)
Höfundur mynda: Sara Lundberg (Svíþjóð)
Rabén & Sjögren, 2019
Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2021.

Söguþráður: Við kynnumst daglegu lífi tíu barna sem eiga heima á tíu mismunandi stöðum, vangaveltum þeirra og hugsunum. Hvert þeirra myndir þú vilja vera?

Efnisorð: sjónarhorn barnsins, inngilding, lík/ólík, að tilheyra, að hlusta hvert á annað, samkennd, gildi, samtal, tilvera, myndaboðhlaup.

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvað vekur athygli ykkar? Finnið þið mismunandi dýr, mismunandi farartæki? Spjallið um líti. Biðjið barnið um að sækja leikfang sem það heldur upp á og athugið hvort þið finnið eitthvað svipað í bókinni.

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina, um hvað heldurðu að bókin sé? Hversu mörg börn sjáið þið framan og aftan á bókinni?
2. Hvert þeirra myndir þú vilja vera? Er eitthvert barnið líkt þér? Geturðu hreyft þig eins og/hermt eftir/þótt vera barnið sem þú valdir?
3. Teiknaðu sjálfsmynd. Hengið allar sjálfsmyndirnar upp á vegg.
4. Skoðaðu allar myndirnar í bókinni. Öll börnin halda á einhverju. Á hverju myndir þú helst vilja halda? Hvernig heldurðu að sé að halda á þessu?


BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Öll börnin taka einn hlut úr taupoka. Börnin segja nafn sitt og lýsa hlutnum sem þau halda á. Hvernig er hann á litinn? Hvernig er hann í laginu? Er hann þungur eða léttur? Er hann stór eða lítill? (Veljið hentuga hluti sem börnin eiga auðvelt með að lýsa)
2. Aftast í bókinni er landakort. Finnið þið öll börnin úr bókinni á kortinu? Hvar í bókinni myndirðu helst vilja vera?



ISBN 978-952-7486-48-1

3. Hvaða mynd í bókinni finnst þér skemmtilegust/góð/ skríttin? Æfið ykkur í að rýna í myndir saman og finna smáatriði. Talið saman: Hvað sérðu á myndinni? Hvers vegna valdirðu þessa mynd? Spyrjið: Hefurðu þekkt eða tekið þátt í einhverju svona? Hvernig fannst þér það? Um hvað heldurðu að barnið á myndinni sé að hugsa? Hvað hefðir þú gert/hugsað? Hvað gerist næst? Hvað heldurðu að barnið muni gera þegar það verður fullorðin?



4. Flettu dagblaði og klipptu út alls konar fólk og límdu myndirnar á blað. Skrifaðu litla sögu um hverja persónu. Gefðu þeim nafn, lýstu persónunum, hvernig þeim líður og hvað þú heldur að þær ætli að gera eða hver þær vilji vera.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?

2. Hvernig ætli það sé að vera einhver annar? Veldu mynd af barni í bókinni. Teiknaðu eða skrifaðu nýja sögu út frá bókinni.

3. Skrifaðu um þig og teiknaðu sjálfsmynd. Safnaðu saman sögum og myndum bekkjarins í eina bók. Búðu til landakort sem passar við sögu hópsins/bekkjarins út frá bókinni.

4. Skoðaðu form bókarinnar, kápumynd, forsiðu, texta, myndir og sjónarhorn sögumanns.

5. Skrifaðu ljóð sem byrjar á Ég er...

ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Öll með tölu. Höfundur: Kristin Roskifte. Þýðandi: Sigrún Eldjárn

MÁLAMOLI

"Ég"

sænska

Jag

danska

Jeg

norska

Jeg

íslenska

Ég

færeyska

Eg

grænlandska

Uanga

finnska

Minä

norðursamíska

Mun

Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)